

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 20. mars 2015 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-72/2014:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 5. september sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á bandsög, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi fer fram á riftun eða nýja afhendingu, en til vara afslátt.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 9. september sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bærust þau hinn 13. október. Með bréfi, dags. 21. október, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bærust þær hinn 30. október. Með bréfi, dags. 3. nóvember, var seljanda gefinn kostur á frekari andsvörum og frestur til að skila þeim til 17. nóvember. Hvorki andsvör né frekari gögn bærust nefndinni. Með bréfi, dags. 18. mars, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að hinn 2. mars 2014 keypti álitsbeiðandi bandsög af gerðinni Axminister AWHBS350N Bandsaw af seljanda fyrir kr. 132.326. Segir álitsbeiðandi að við kaupin hafi skápur, sem átti að vera undir söginni, ekki fylgt með. Seljandi hafi lofað að útvega skápin undir sögina í næstu sendingu og því hafi álitsbeiðandi greitt fullt verð fyrir sögina. Segist álitsbeiðandi einnig hafa ætlað að kaupa hjól undir skápin og því fengið upplýsingar frá seljanda um það hvernig hjól myndu passa og í kjölfarið keypt slík hjól frá þriðja aðila fyrir kr. 5000. Um tveim vikum eftir kaupin fékk álitsbeiðandi tölvupóst frá seljanda þar sem fram kom að ekki væri lengur hægt að fá umræddan skáp þar sem hann væri ekki framleiddur lengur, en framleiðandi væri nú farinn að framleiða nýja útgáfu af söginni með fótstandi í stað skápsins. Segist álitsbeiðandi hafa reynt að nota vélina án skápsins en það hefði reynst illa þar sem vélin var þá í afar slæmri vinnuhæð. Segir álitsbeiðandi að seljandi hafi gefið honum tvo kosti; að skila söginni, eða bíða eftir næstu sendingu. Ákvað álitsbeiðandi að taka síðari kostinum, en eftir að hafa beðið árangurslaust eftir sendingu í hálf ár, þrátt fyrir að hafa ítrekað spurt seljanda út í skápin, sé hann orðinn vonlítill um að skápurinn muni yfirleitt skila sér.

Krefst álitsbeiðandi þess að fá að skila söginni og að seljandi endurgreiði sér hana að fullu eða afhenti sér nýja samskonar vél, með skáp. Til vara fer álitsbeiðandi fram á afslátt.

Meðfylgjandi álitsbeiðni er afrit af reikningi fyrir kaupum á söginni, ásamt útprentun af vefsíðu seljanda, þar sem sjá má upplýsingar um sögina.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda kemur m.a. fram að þegar upp hafi komið sú staða að skápnun undir söginni hafði verið breytt hjá framleiðanda hafi álitsbeiðandi verið boðnir tveir kostir: Að skila söginni sem hann keypti hinn 2. mars. 2014 eða að fá fótastell undir sögina ásamt

frú hjólastelli, en hvort tveggja þyrfti að pantast utan. Álitsbeiðandi felldi sig við síðari kostinn. Í ljós kom að framleiðandi átti ekki vöruna á lager og var álitsbeiðanda tilkynnt um það og honum haldið upplýstum um stöðu mála. Segir seljandi að umrætt fótastell áamt hjólum sé nú komið í sína vörslu, enda hafi það verið sérpantað fyrir álitsbeiðanda.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör seljanda kemur m.a. fram að álitsbeiðandi telur að rétt sé að ítreka að við kaupin lofaði seljandi að útvega skáp undir sögina í næstu sendingu. Vegna þessa hafi álitsbeiðandi ákveðið að kaupa sögina og borga fullt verð fyrir hana. Þegar í ljós kom að ekki var hægt að fá skápinn hafi seljandi hins vegar boðið sér fótastell og hjólabúnað, sem þá átti að koma í næstu sendingu þ.e. innan 3-4 vikna. Hálfu ári síðar hafi hins vegar ekkert bólað á vörunum. Álitsbeiðandi tekur fram að lokum að hann sé tilbúinn að láta málið niður falla, fái hann fótastellið og hjólabúnaðinn undir sögina.

VI

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Við afgreiðslu málsins hefur kærunefndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bandsög af gerðinni Axminister AWHBS350N Bandsaw af seljanda hinn 2. mars 2013 fyrir kr. 132.326. Óumdeilt er að við kaupin vantaði skáp undir sögina, en skápurinn átti að fylgja söginni. Tveimur vikum eftir kaupin kom í ljós að skápurinn var ófánlegur. Var álitsbeiðanda þá boðið að annaðhvort skila söginni og fá endurgreitt, eða bíða eftir fótastelli, sem átti að koma í stað skápsins, en ásamt því, hjólum undir fótastellið, til að gera álitsbeiðanda skaðlausan af kaupum á hjólum sem hann hafði keypt sérstaklega og áttu að passa undir skápinn. Þegar álitsbeiðandi hafði beðið eftir afhendingu þessara hluta í hálfu ári, leitaði hann til kærunefndarinnar. Í andsvörum seljanda kemur fram að umræddir hlutir séu hins vegar komnir til landsins. Hefur álitsbeiðandi lýst því yfir að hann sé tilbúinn til að láta mál þetta falla niður, gegn því að seljandi afhenti sér umrædda hluti. Engin viðbrögð hafa borist frá seljanda vegna yfirlýsinga álitsbeiðanda.

Um galla er fjallað í 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Í a-lið 1. mgr. 16. gr. segir að söluhlutur teljist gallaður ef „hann sé ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr.“ Í 1. mgr. 15. gr. segir að söluhlutur skuli „hvað varðar tegund, magn, gæði, aðra eiginleika og innþökkun, fullnægja þeim kröfum sem leiðir af samningi.“ Eins og áður er rakið deila aðilar ekki um að skáp hafi vantað undir sögina og hefur sá skápur ekki fengist afhentur þar sem hann mun ekki lengur vera framleiddur. Er sögin því haldin galla skv. a-lið 1. mgr. 16. gr. sbr. 1. mgr. 15. gr. laganna, enda fullnægir sögin ekki þeim kröfum sem leiða má af samning aðila.

Í 26. gr. neytendakaupalaga er kveðið á um úrræði neytanda vegna galla. Segir þar m.a. eftirfarandi í 1. mgr.:

„Ef söluhlutur reynist gallaður og gallinn er hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða getur neytandi:

a. haldið eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 28. gr.;

b. valið milli úrbóta eða nýrrar afhendingar samkvæmt ákvæðum 29. og 30. gr

- c. krafist afsláttar samkvæmt ákvæðum 31. gr.;
- d. krafist riftunar samkvæmt ákvæðum 32. gr.;
- e. krafist skaðabóta samkvæmt ákvæðum 33. gr.;

Kröfugerð álitsbeiðanda í máli þessu hefur tekið breytingum undir rekstri málsins, en hann hefur fellt sig við að krefja álitsbeiðanda um úrbætur skv. ákvæðum 29. og 30. gr. laganna, sem felast í því að seljandi afhendi honum fótastell og hjól undir sögina, í stað skáps. Ber að fallast á þær kröfur álitsbeiðanda. Rétt er þó að taka fram að frekari dráttur seljanda á fullum efdum kaupanna gæti réttlætt riftun.

VII Álitsorð

Seljandi, Y, afhendi álitsbeiðanda, X, honum að kostnaðarlausu, fótastell og hjól undir sög þá er hann keypti af seljanda hinn 2. mars 2014.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir